

# NÆRING UM SLÖNGU

UPPLÝSINGAR UM NOTKUN  
Á NÆRINGU UM SLÖNGU

**NUTRICIA**  
LIFE-TRANSFORMING NUTRITION

# NÆRING UM SLÖNGU

Í fyrstu getur reynst flókið að tileinka sér nýjar venjur líkt og að nærast í gegnum slöngu. Hvort sem það er magaslanga eða nefslanga getur það tekið tíma að koma upp færni á meðhöndlun hennar og venjast því að nærast á annan hátt en hefðbundið er. Næring um slöngu getur bæði verið notuð ein og sér eða sem viðbót við almenna fæðu. Hún getur verið til skamms tíma eða ævilangt en allt fer þetta eftir hverjum einstaklingi fyrir sig. Stundum er einnig talað um sondu og sondunæringu en gott er að hafa það í huga að þá er verið að tala um sama hlutinn og næring um slöngu.

Með næringu um slöngu frá Nutricia fær líkaminn þau næringarefni sem hann þarfnast. Næringin er á fljótandi formi og er gefin í gegnum slöngu. Á þennan hátt nærast einstaklingur líkt og áður og uppfyllir þörf sína fyrir næringarefni.

Þessi bæklingur er ætlaður til að hjálpa þér og aðstandendum þínum að venjast nýjum leiðum við að matast og svara þeim spurningum sem hugsanlega geta komið upp í því ferli.

**VEFSÍÐUR:**  
**[nutricia.is](https://nutricia.is)**  
**[mitt.parlogis.is](https://mitt.parlogis.is)**  
**[nutricia.dk](https://nutricia.dk)**  
**[altomsondeernæring.dk](https://altomsondeernæring.dk)**  
**[nutriciaflocare.com](https://nutriciaflocare.com)**

# ÞJÓNUSTA, PANTANIR OG RÁÐGJÖF

## PANTANIR

Pantanir á vörum Icepharma fara í gegnum þjónustuver Parlogis. Tekið er á móti pöntunum mánudaga til fimmtudaga frá kl. 08:00 - 16:00 og föstudaga frá kl. 08:00 - 15:00.

Netfang: pantanir@parlogis.is

Sími: 590 0210

Heimilisfang: Krókháls 14

Nánari upplýsingar er að finna á vef Parlogis [www.parlogis.is](http://www.parlogis.is)

## RÁÐGJÖF UM NÆRINGU UM SLÖNGU

Harpa Hrund Hinriksdóttir, næringarfræðingur

Netfang: harpa.hrund@icepharma.is

Sími: 520 4311

Nanna Bryndís Snorradóttir, hjúkrunarfræðingur

Netfang: nanna.bryndis@icepharma.is

Sími: 520 4310

## ÞJÓNUSTA FYRIR NÆRINGARDÆLUR

Rekstrardeild Icepharma

Netfang: thjonusta@icepharma.is

Sími: 540 8000

## ATHUGIÐ

- Mikilvægt er að leggja inn pöntun áður en vara er sótt til Parlogis
- Pöntun sem lögð er inn fyrir kl. 12:00 berst viðskiptavinum næsta virka dag
- Ekki er hægt að skila næringu eftir að vara hefur verið afhent
- Æskilegt er að allar breytingar á næringu séu gerðar í samráði við næringarfræðing eða lækni
- Næringardælar eru eign Icepharma og ber að skila þangað að lokinni notkun
- Bakpoka og statíf skal skila til Sjúkratrygginga Íslands að lokinni notkun
- Hægt er að hafa samband við neyðarsíma Heilbrigðisviðs Icepharma ef upp koma vandamál tengd næringu um slöngu eða næringardælum utan hefðbundins opnunartíma. Sími: 540 8095

# NÆRING UM SLÖNGU

Mikilvægt er að þekkja sína næringu og fylgihluti vel. Í fyrstu gæti þetta lítið út fyrir að vera yfirpyrmandi og margt nýtt sem þarf að læra á. Með tíð og tíma mun þetta venjast og að lokum verða hluti af þínu daglega lífi.

## HELSTU GERÐIR SLÖNGU FYRIR NÆRINGARMEÐFERÐ

### MAGAHNAPPUR



MIC-KEY magahnappur  
– í gegnum kviðvegg

### MAGASLANGA



PEG magaslanga  
– í gegnum kviðvegg

### NEFSLANGA



Nefslanga – þrædd í  
gegnum nefið og ofan í maga

## AÐFERÐIR VIÐ NÆRINGARGJÖF:


- Stöðugt innrennsli með næringardælu
- Ákveðinn skammtur gefinn í einu með næringardælu eða sprautu (BÓLUS gjöf)

Næringarfræðingur ráðleggur hvaða næring og aðferð við næringargjöf hentar best hverju sinni. Ávallt skal ráðfæra sig við meðferðaraðila áður en breytingar eru gerðar á meðferð eða næringu.

# MYND AF NÆRINGARSETTI OG FYLGIHLUTUM:

1. Næring fyrir slöngu
2. Næringarsett
3. Snælda
4. Lyfjakrani
5. Tengir
6. Sprauta
7. Næringardæla
8. Tengir á magaslöngu
9. PEG magaslanga  
(hér getur einnig verið  
magahnaupur)
10. Magi

Meðfylgjandi mynd sýnir næringu sem gefin er með dælu í gegnum slöngu, það er ekki víst að allir fylgihlutir á myndinni eigi við þína næringargjöf og einnig gætu fylgihlutirnir litið öðruvísi út.



# MIKILVÆG ATRIÐI VARÐANDI NÆRINGARGJÖF UM SLÖNGU




## LÍKAMSTAÐA VIÐ MÁLTÍÐIR:

Ráðlagt er að sitja eða liggja með u.þ.b. 45° hækkun undir höfði á meðan á næringargjöf stendur og í um 30 mínútur eftir að gjöf líkur. Upprétt líkamsstaða við gjöf minnkar líkur á bakflæði.



## HREINLÆTI:

Hreinlæti er mikilvægur þáttur við næringargjöf um slöngu. Ávallt skal þvo hendur með vatni og sápu áður en næringargjöf er undirbúin.




## HITASTIG:

Næring og vatn skal vera við stofuhita.




## GEYMSLA Á NÆRINGU OG FYLGIHLUTUM:

Eftir að næringin hefur verið opnuð, geymist hún í 24 klukkustundir við stofuhita ef hún er tengd við næringarsett. Næring sem ekki er tengd við næringarsett skal geymd í kæli eftir að innsigli hefur verið rofið. Ávallt skal skipta um næringu og næringarsett á 24 klukkustunda fresti. Geyma skal óopnaðar næringarflöskur við 5-25° og frá sólarljósi.




## HRADI:

Næring um slöngu á almennt ekki að renna hraðar en 400ml/klst nema að annað sé ákveðið í samráði við meðferðaraðila.



### **HREINLÆTI SLÖNGU:**

Ávallt skal skola slönguna með vatni fyrir og eftir næringar- og/eða lyfjagjöf. Til þess að koma í veg fyrir að slanga stíflist skal skola hana reglulega. Nánari upplýsingar má finna í fræðsluefni frá Landspítala.



### **PERSÓNULEGT HREINLÆTI:**


Æskilegt er að þvo húðina í kringum magaslönguna daglega með vatni og mildri sápu og þerra á eftir. Gæta þarf þess að húðin sé þurr áður en farið er í föt og gott er að láta lofta vel um svæðið. Ef upp koma einkenni eins og hækkaður hiti, eymsli, roði, vessi eða örvefsmyndun í kringum magaopið er ástæða til að leita ráðleggingar meðferðaraðila.

Hafa ber í huga að þrátt fyrir að fæðu sé ekki neytt á hefðbundin hátt er munnhirða mikilvæg. Bursta þarf tennur bæði kvölds og morgna eða skola með munnskoli.



### **LYFJAGJÖF:**

Ekki skal blanda lyfjum í næringu sem gefin er um slöngu. Nota skal fljótandi lyf ef mögulegt er. Athugið að sumar töflur/hylki má ekki mylja. Nánari upplýsingar má finna í fræðsluefni frá Landspítala.



### **MIKILVÆGT:**

PEG magaslöngu og magahnapp þarf að snúa daglega til þess að fyrirbyggja að hann grói við kviðvegg. Nánari upplýsingar má finna í fræðsluefni frá Landspítala.


Athugið: Eftir ísetningu PEG magaslöngu getur verið misjafnt hvenær má byrja að snúa slöngunni. Fylgja skal leiðbeiningum læknis.

# NÆRINGARGJÖF UM SLÖNGU MEÐ NÆRINGARDÆLU

Í flestum tilfellum þar sem sjúklingur er að fá næringu í gegnum slöngu er ráðlagt að nota næringardælu með næringarsetti. Með næringardælu er hægt að stýra magni og hraða á næringargjöf. Flocare Infinity næringardælan er bæði auðveld og örugg í notkun.


## UPPSETNING:

1.




Á meðan á næringargjöf stendur og 30 mínútum eftir gjöf er best að sitja eða liggja með hækun undir höfði svo að efri hluti líkamans sé í 45° halla. Ekki er mælt með að hallinn sé minni en 30°.

2.




Hristu flöskuna vel fyrir notkun og lyftu upp lokinu.

3.



Tengdu næringarsettið við flöskuna.

4.




Skrúfaðu næringarsettið fast við flöskuna.

5.




Hengdu upp flöskuna t.d. á gólfstatíf eða borðstatíf.

6.




Opnaðu lokið á næringardælunni.

7.




Settu snælduna í dæluna.

8.



Togaðu létt til að staðsetja snælduna á réttan stað í dælunni.


9.



Lokaðu næringardælunni.

## NÆRINGAR- GJÖF

10.



Ýttu á ON/OFF til þess að kveikja á dælunni. Ýttu á INFO og síðan CLEAR til þess að hreinsa út upplýsingar um fyrri næringargjöf.




## VANTAR ÞIG FREKARI UPPLÝSINGAR UM NÆRINGARDÆLUNA ÞÍNA?

Upplýsingar um Flocare Infinity næringardælna má finna í handbók sem fylgir með næringardælnni eða á [www.nutriciaflocare.com](http://www.nutriciaflocare.com)




11.



Ýttu á FILL SET á næringardælnni og láttu næringu renna í gegnum næringarsettið.

12.



Tengdu næringarsettið við slönguna og festu. Athugaðu að herða ekki of fast.

13.



Veldur viðeigandi stillingu á dælnni. Ýttu á START/STOP til þess að hefja næringargjöf. Sjá leiðbeiningar með dælu fyrir frekari upplýsingar.


### AFTENGING:

14.




Ýttu á START/STOP til þess að stöðva næringargjöf. Ýttu á ON/OFF til þess að slökkva á dælnni.

15.




Dragðu volgt vatn upp í sprautu.

16.




Tengdu sprautuna við kranann á næringarsettinu og opnaðu fyrir rennsli.

17.




Skolaðu magaslönguna með því magni af vatni sem gert er ráð fyrir í næringaráætlun.

18.




Lokaðu krananum.

19.



Aftengdu næringarsettið frá slöngu og lokaðu henni á viðeigandi hátt.

20.



Settu hlífðarhettu á endann á næringarsettinu.



Næringarmeðferð getur falið í sér næringu um slöngu og í einhverjum tilfellum er notast við næringardrykki samhliða.

Nutricia er með breytt vöruúrval af næringu um slöngu og næringardrykkjum til þess að koma til móts við þarfir hvers og eins.


Við bjóðum uppá heildrænar launsir og þjónustu í næringarmeðferð við allar aðstæður þar sem næring getur hjálpað til við að bæta lífsgæði.



# NÆRINGARGJÖF MEÐ SPRAUTU (BÓLUS)


## NÆRINGARGJÖF MEÐ NÆRINGAR- SPRAUTU

1.



Hristu flöskuna fyrir notkun. Skrúfaðu millistykki (Flocare Bolus Adaptor) á flöskuna.

2.



Skolaðu magaslönguna með því magni af vatni sem gert er ráð fyrir í næringaráætlun.

3.




Næringin skal ávallt vera við stofuhita við gjöf, ekki köld. Dragðu næringu upp í sprautu.

4.




Reiknaðu að lágmarki með 20 mínútum fyrir hverja næringargjöf.

5.



Á meðan á næringargjöf stendur og 30 mínútum eftir gjöf er best að sitja eða liggja með hækun undir höfði svo að efri hluti líkamans sé í 45° halla. Ekki er mælt með að hallinn sé minni en 30°.

6.



Að lokinni máltíð skolaðu magaslönguna aftur með vatni og lokaðu.

7.



Næringin skal geymd í kæli eftir notkun með áföstu millistykki (Flocare Bolus Adaptor).

Geymslutími næringar eftir opnun er 24 klukkustundir í kæli.

# DAGLEG UMHIRÐA MAGASLÖNGU/MAGAHNAPPS

Mikilvægt er að hreinsa svæðið í kringum magaslönguna/magahnappinn daglega. Nota skal milda sápu og þerra vel á eftir.

Platan sem liggur að húðinni getur valdið þrýstingi. Losa má plötuna um nokkra millimetra daginn eftir ísetningu með aðstoð meðferðaraðila.

Húðin er þvegin með því að lyfta plötunni aðeins frá og húðin hreinsuð og þurrkuð með eyrnapienna eða grisju. Á sama tíma er húðin í kring skoðuð með tilliti til t.d. blæðingar, roða og vessa.

Óhætt er að fara í sturtu þegar skurðsárið er gróið eða um 3-5 dögum eftir aðgerðina.

Nánari upplýsingar má finna í fræðsluefni frá Landspítala.




## **MIKILVÆGT:**

Ef vart verður við hækkaðan hita, eymsli eða verki, roða, vessa eða örvefsmyndun í kringum magaslöngu/magahnapp er ráðlagt að leita til meðferðaraðila eða bráðamóttöku.

Ef magaslangan eða magahnappurinn rennur út þarf strax að setja nýja slöngu eða hnapp í staðinn. Leitið aðstoðar hjá meðferðaraðila eða bráðamóttöku ef þess er þörf.

## UMHIRÐA MAGASLÖNGU 14 DÖGUM EFTIR ÍSETNINGU, UMHIRÐA MAGAHNAPPS FRÁ ÍSETNINGU

- 1 Þvo ið hendur með vatni og sápu.
- 2 Skoðið magaslöngu/magahnapp og leitið eftir merkjum um leka, ertingu, roða og eymsli. Ef þú greinir eitt eða fleiri af þessum atriðum er ráðlagt að hafa samband við meðferðaraðila.
- 3 Hreinsið húðina í kringum magaslöngu/magahnapp með vatni og mildri sápu.
- 4 Þegar búið er að hreinsa húðina vel er hún þurrkuð varlega.
- 5 Snúa skal magaslöngu/magahnappnum á hverjum degi. Þetta er gert til að koma í veg fyrir fylgikvilla. Ráðlagt er að byrja að snúa magaslöngu viku eftir ísetningu. Athugið að þetta á þó ekki við ef magaslanga er fest með saumi, akkeri eða vegna annarra frábendinga.



**UPPLÝSINGAR UM ÞÍNA MAGASLÖNGU/MAGAHNAPP ER HÆGT AÐ FINNA Á BLS 19**

# UMHIRÐA NEFSLÖNGU

- 1 Passaðu að nefslangan sé hrein og þurr.
- 2 Hreinsaðu húðina í kringum nasir með rakri grisju og volgu sápuvatni.
- 3 Skolaðu og þurrkaðu varlega.
- 4 Fylgstu vel með þeirri nös sem slangan er staðsett í. Ef svæðið er aumt eða ertíng er í húð er ráðlagt að hafa samband við meðferðaraðila.

Nefslanga er ætluð til notkunar í skemmri tíma, eða 4-6 vikur.

Ef þú staðsetur slönguna á bak við eyrað verður hún síður fyrir þér við dagleg störf. Mikilvægt er að fylgjast með því að nefslangan færast ekki mikið úr stað.



# ÚRLAUSNIR VANDAMÁLA

VANDAMÁL	MÖGULEGAR ORSAKIR	LAUSN
<b>Magaslengan er stífluð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lyf eru ekki nógu vel mulin eða næring útrunnin</li> <li>• Matur notaður sem er ekki ætlaður í magaslöngu t.d. maukaður matur eða drykkjarvara</li> <li>• Ófullnægjandi skolun á magaslöngu</li> </ul>	<p>Dragðu eins mikla næringu og mögulegt er tilbaka úr slöngunni með sprautu. Skolaðu varlega með volgu vatni og endurtaktu. Ef slangan er ennþá stífluð skaltu klemma varlega fyrir slönguna með fingrunum og endurtaka skolunina. Hafðu samband við meðferðaraðila ef slangan er enn stífluð.</p>
<b>Slangan togast út (PEG magaslanga)</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hósti eða skyndileg hreyfing</li> <li>• Það hefur komið tog á magaslöngu</li> </ul>	<p>Stöðvaðu næringargjöf. Magaslöngu má ekki ýta aftur á sinn stað. Mikilvægt að setja nýja slöngu sem fyrst. Hafðu strax samband við meðferðaraðila.</p>
<b>Magahnappur dettur úr</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Blaðran á magahnapp er óþétt og lekur</li> <li>• Það hefur komið tog á magahnapp</li> </ul>	<p>Skipta þarf um magahnapp ef hann fer að leka. Gott er að eiga ávallt auka hnapp. Ef auka hnappur er ekki til staðar er mikilvægt að staðsetja fyrri hnapp aftur í opið og festa t.d. með plástri þar til búið er að setja nýjan hnapp. Opið getur lokast á nokkrum klukkutímum. Hafðu strax samband við meðferðaraðila.</p>
<b>Næringarsettið lekur</b>	Næringarsettið er ekki rétt tengt	Athugaðu hvort næringarsettið sé rétt tengt við magaslöngu/magahnapp.
	Næringarsettið hefur verið notað lengur en í 24 klukkustundir	Skiptu um næringarsett.
<b>Ógleði og/eða uppköst</b>	Næring gefin of hratt	Stöðvaðu næringargjöf. Byrjaðu aftur næringargjöf, og þá hægar, þegar ógleði/uppköst hafa liðið hjá.
	Óþol fyrir næringu	Stöðvaðu næringargjöf og hafðu samband við meðferðaraðila.
	Næring gefin rangt	

# ÚRLAUSNIR VANDAMÁLA

VANDAMÁL	MÖGULEGAR ORSAKIR	LAUSN
<b>Hægðatregða</b>	Of lítil vökvagjöf eða vantar trefjar	Aukið vökvagjöf.
	Aukaverkun af lyfjum	Hafðu samband við meðferðaraðila.
	Hægðatregða (og niðurgangur) getur einnig orsakast vegna sjúkdóms	Hafðu samband við meðferðaraðila.
	Hreyfingarleysi	Aukið hreyfingu eins og mögulegt er. Fáðu aðstoð sjúkrahjálfa eða meðferðaraðila ef við á.
<b>Niðurgangur</b>	Aukaverkun af lyfjum	Hafðu samband við meðferðaraðila.
	Óþol fyrir næringu	Leitaðu ráða hjá þínum meðferðaraðila varðandi aðra næringu sem gæti hentað þér betur.
	Næringarsett verið notað of lengi	Skiptu um næringarsett.
	Of köld næring	Gefðu næringu við stofuhita.
	Næring ekki meðhöndluð rétt	Hafðu samband við meðferðaraðila.
	Næringargjöf of hröð eða hafin of hratt	Fylgdu leiðbeiningum um hraða á næringargjöf eða hafðu samband við meðferðaraðila fyrir nánari ráðgjöf.
<b>Rauð húd í kringum stómasvæði</b>	Erting eða sýking	Athugaðu hvort að magaslangan/ magahnappur sé rétt staðsett/ur og að platan sem liggur að kviðveggnum sé að hámarki 2-5 mm frá húðinni. Hafðu samband við meðferðaraðila.



# UPPLÝSINGAR VARÐANDI ÞÍNA NÆRINGARGJÖF

Fáðu meðferðaraðila til þess að hjálpa þér að fylla inn mikilvægar upplýsingar. Þær auðvelda þér einnig að leggja inn pantanir á þeim vörum sem þú þarft á að halda.

## PEG magaslanga

Þarf millistykki fyrir næringu:  Já  Nei

Næsti tími á göngudeild: \_\_\_\_\_

Ísetning PEG magaslöngu: \_\_\_\_\_

## Magahnappur

Stærð: \_\_\_\_\_

Lengd: \_\_\_\_\_

Hnappur fylltur með: \_\_\_\_\_ ml. af vatni

Næsti tími á göngudeild: \_\_\_\_\_

Ísetning magahnapps: \_\_\_\_\_

Skipta þarf um magahnapp á 3-6 mánaða fresti. Einstaka sinnum getur hann dugað í lengri tíma. Margir þættir s.s. lyf og magasýrur hafa áhrif á líftíma hnapps. Erfitt er að segja nákvæmlega til um hvenær er tímabært að skipta um hnapp og best er að fylgjast vel með og meta það hverju sinni.

# PÖNTUNARBLAÐ FYRIR NÆRING UM SLÖNGU

## Næring

## Magn

Nutrison	vnr. 80001800	8x1000 ml	_____
Nutrison	vnr. 800632055	12x500 ml	_____
Nutrison Multi Fibre	vnr. 800632193	8x1000 ml	_____
Nutrison Multi Fibre	vnr. 800632007	12x500 ml	_____
Nutrison Energy	vnr. 451632199	8x1000 ml	_____
Nutrison Energy	vnr. 800632052	12x500 ml	_____
Nutrison Energy Multi Fibre	vnr. 800632196	8x1000 ml	_____
Nutrison Energy Multi Fibre	vnr. 800632035	12x500 ml	_____
Nutrison Protein Plus Energy	vnr. 80632396	8x1000 ml	_____
Nutrison Protein Plus Energy Multi Fiber	vnr. 451632395	8x1000ml	_____
Nutrison Protein Plus	vnr. 800632373	12x500 ml	_____
Nutrison Protein Plus Multi Fibre	vnr. 800632382	8x1000 ml	_____
Nutrison Protein Plus Multi Fibre	vnr. 800632380	12x500 ml	_____
Nutrison Soya	vnr. 80001805	8x1000 ml	_____
Nutrison Soya Multi Fibre	vnr. 800922445	8x1000 ml	_____
Nutrison Advanced Peptisorb	vnr.4510632221	8x1000 ml	_____
Nutrison Complete MF 1000	vnr. 80208560	8x1000 ml	_____
Nutrison Complete MF 1200	vnr. 80208562	8x1000 ml	_____
Nutrison Concentrated	vnr. 800632378	12x500 ml	_____
Nutrison _____	_____	_____	_____

## Næringarsett

## Magn

Flocare Infinity Næringarsett - Mobil 30stk	vnr. 800586519	_____
Flocare Infinity Næringarsett - Bottle 30stk	vnr. 800590084	_____
Flocare Infinity Næringarsett - Dropateljari 30stk	vnr. 800586514	_____

## Fylgihlutir

Magn

### EnFit sprautur

Sprautur 1ml low dose EnFit 100stk	vnr. 451000011	_____
Sprautur 2,5ml low dose EnFit 100stk	vnr.451000025	_____
Sprautur 5ml EnFit 100stk	vnr. 451101005	_____
Sprautur 10ml EnFit 100stk	vnr. 451101010	_____
Sprautur 20ml EnFit 80stk	vnr. 451000220	_____
Sprautur 60ml EnFit 60stk	vnr. 451606060	_____
Sprautur 100ml EnFit 30stk	vnr. 451001000	_____

### Millislanga fyrir magahnapp

Millislanga 30cm 5stk	vnr. 451014112	_____
Millislanga 60cm 5stk	vnr. 451014124	_____

### Annað

Flocare bólus adaptor 30stk	vnr. 800589740	_____
Flocare brúsar 500ml 10stk	vnr. 80035746	_____

## Aðrar upplýsingar

Hugsanlega ert þú að nota fleiri vörur en koma fram hér á pöntunarblaði. Það geta sem dæmi verið nefsondur, pelar, aðrir sérhæfðir fylgihlutir, umbúðir, krem og fleira. Ávallt er hægt að hafa samband og fá nánari upplýsingar varðandi vörur og hjálp til þess að finna hvaða lausnir henta hverjum og einum.

**UPPLÝSINGAR UM NÆRINGU OG  
FYLGIHLUTI ER HÆGT AÐ FINNA  
Á VEFSÍÐU OKKAR**

[nutricia.is](http://nutricia.is)

**PANTANIR Á NÆRINGU  
OG FYLGIHLUTUM**

Þjónustuver Parlogis  
[pantanir@parlogis.is](mailto:pantanir@parlogis.is)  
Sími: 590 0210

**RÁÐGJÖF UM NÆRINGU**

Harpa Hrund Hinriksdóttir  
Næringarfræðingur  
[harpa.hrund@icepharma.is](mailto:harpa.hrund@icepharma.is)  
Sími: 520 4311

Nanna Bryndís Snorradóttir  
Hjúkrunarfræðingur  
[nanna.bryndis@icepharma.is](mailto:nanna.bryndis@icepharma.is)  
Sími: 520 4310



**icepharma**

Lynghåls 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 ·

**NUTRICIA**  
LIFE-TRANSFORMING NUTRITION